

# **Hörgársveit**

**Ársreikningur 2017**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
<b>Ársreikningar</b>	
Samantekinn ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana .....	5 - 19
Veitur .....	20 - 24
<b>Sundurliðanir</b>	
Rekstraryfirlit .....	25
Efnahagsyfirlit .....	26 - 27
Sundurliðað rekstraryfirlit aðalsjóðs .....	28 - 31
Sundurliðað rekstraryfirlit eignasjóðs .....	32
Sundurliðað rekstraryfirlit veitna .....	33

Hörgársveit  
 Kennitala 510101-3830  
 Þelamerkurskóla, 601 Akureyri

## Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Hörgársveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 620,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 593,0 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 610,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 581,7 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-lið nam 0,4% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í b-lið nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í c-lið nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í a og c-lið um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 29,0 millj. kr. og samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 32,2 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 51,5 millj. kr. og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 40,5 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 598,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 663,2 millj. kr. Ársverk voru 47.

Íbúafjöldi Hörgársveitar 31. desember 2017 var 580 og fjölgaði um 6 frá fyrra ári.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Hörgársveitar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Hörgársveit, 18. maí 2018

Axel Grettisson

Axel Grettisson

Oddviti

Ásrún Árnadóttir

Ásrún Árnadóttir

Helgi Þórðar Steinsson

Helgi Þórðar Steinsson

Jóhanna María Oddsdóttir

Jóhanna María Oddsdóttir

Jón Þórðar Benediktsson

Jón Þórðar Benediktsson

Snorri Finnlaugsson

Snorri Finnlaugsson

Sveitarstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Hörgársveitar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð féluginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætti að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniögengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 18. maí 2018

PricewaterhouseCoopers ehf

Rúnar Bjarnason

löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr	Sveitarsjóður		Samstæða	
		2017	Fjárh.áætl.	2017	Fjárh.áætl.
<b>Tekjur</b>					
Skatttekjur .....	3	289.424	286.838	289.424	286.838
Framlög jöfnunarsjóðs .....	3	198.473	173.211	198.473	173.211
Aðrar tekjur .....	3	122.307	121.638	132.825	132.931
		610.204	581.687	620.722	592.980
<b>Gjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld .....	4	287.387	278.961	287.387	278.961
Annar rekstrarkostnaður .....		247.501	237.538	258.540	247.768
Afskriftir .....	7	18.357	19.765	40.269	22.500
		553.245	536.264	586.196	549.229
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)</b>					
		56.959	45.423	34.526	43.751
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	(5.499)	(4.952)	(5.499)	(11.552)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>					
		51.460	40.471	29.027	32.199

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr	Sveitarsjóður		Samstæða	
		2017	2016	2017	2016
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7				
Fasteignir .....		475.095	460.339	475.095	460.339
Veitukerfi .....		0	0	63.593	84.312
Gatnakerfi .....		61.063	63.564	61.063	63.564
Bifreið .....		2.765	3.575	2.765	3.575
		538.923	527.478	602.517	611.790
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	65.811	62.456	65.811	62.456
Langtímakröfur .....	9	15.003	9.730	15.003	9.730
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	9	103.750	103.750	0	0
		184.564	175.936	80.814	72.186
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>723.487</b>	<b>703.413</b>	<b>683.331</b>	<b>683.976</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....		214	460	214	460
Óinnheimtar tekjur .....	10	49.037	49.844	49.037	49.844
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	9	1.637	1.390	1.637	1.390
Næsta árs afborganir B-hluta .....	9	3.788	3.788	0	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		20.649	18.935	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		8.161	10.174	8.161	10.174
Handbært fé .....		72.481	32.284	72.481	32.284
		155.967	116.876	131.529	94.152
<b>Eignir samtals</b>		<b>879.454</b>	<b>820.289</b>	<b>814.860</b>	<b>778.129</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

<b>Eigið fé og skuldir</b>	Skýr	<b>Sveitarsjóður</b>		<b>Samstæða</b>	
		2017	2016	2017	2016
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	11	663.174	582.837	598.581	540.677
		<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Skuldir</b>					
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir .....	12	122.685	154.555	122.685	154.555
Skammtímaskuldir:					
Viðskiptaskuldir .....		27.708	28.863	27.708	28.863
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	24.764	25.145	24.764	25.145
Aðrar skammtímaskuldir .....		41.123	28.888	41.123	28.888
		<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		216.279	237.452	216.279	237.452
		<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		879.454	820.289	814.860	778.129
		<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>

Aðrar upplýsingar

13

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2017

	Sveitarsjóður 2017	Fjárh.áætl.	Samstæða 2017	Fjárh.áætl.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hreint veltufé frá rekstri:				
Rekstrarniðurstaða ársins .....	51.460	40.471	29.027	32.199
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir .....	7 18.357	19.765	40.269	22.500
Verðbætur og gengismunur .....	9,12 2.752	88	2.752	88
Veltufé frá rekstri .....	72.569	60.324	72.047	54.787
Breytingar á skammtímalíðum:				
Óinnheimtar tekjur, lækkun .....	1.053	0	1.053	0
Aðrar skammtímakröfur, lækkun .....	2.013	0	2.013	0
Skammtímaskuldur, hækkun .....	11.079	0	11.079	0
Breytingar .....	14.145	0	14.145	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>86.714</b>	<b>60.324</b>	<b>86.193</b>	<b>54.787</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	7 (925)	(3.350)	(2.118)	(5.350)
Fjárfesting í hlutabréfum .....	(3.355)	0	(3.355)	0
Veitt ný langtímakrafa .....	9 (6.910)	0	(6.910)	0
Afborganir langtímakrafna .....	9 1.390	0	1.390	0
	(9.800)	(3.350)	(10.993)	(5.350)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Afborganir langtímalána .....	12 (35.003)	(35.400)	(35.003)	(35.400)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(1.714)	(7.537)	0	0
	(36.718)	(42.937)	(35.003)	(35.400)
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>40.197</b>	<b>14.037</b>	<b>40.197</b>	<b>14.037</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	32.284	32.284	32.284	32.284
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>72.481</b>	<b>46.321</b>	<b>72.481</b>	<b>46.321</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Hörgársveit er næsta sveitarfélag norðan Akureyrar. Sveitarfélagamörkin við Akureyri eru við Lónið, á móti Akrahreppi við Grjótá á Öxnadalsheiði og á móti Dalvíkurbyggð eru mörkin skammt norðan við Fagraskógi. Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar 12. júní 2010. Hörgárbyggð varð til 1. janúar 2001 þegar Glæsibæjarreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust.

Íbúar Hörgársveitar voru 580 talsins þann 31. desember 2017.

Ársrekningur Hörgársveitar fyrir árið 2017 hefur að geyma ársrekning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnud með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Veitur Hörgársveitar.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársrekningurinn er gerður í samræmi við lög um ársrekninga, reglugerð um bókhald og ársrekninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samantekin reikningsskil

Ársrekningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársrekningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

### 2.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, líðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádegnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

## Skýringar

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrilliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárréikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 40 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og tæki .....	5 - 10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.6 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtíma kröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Skýringar

### 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísitörlar sem tóku gildi í ársþyrjun 2018. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 2.8 Viðskiptakröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

### 2.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

### 2.13 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2017	Áætlun	Samstæða 2017	Áætlun
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvör .....	244.223	241.700	244.223	241.700
Fasteignaskattur og löðaleiga .....	45.201	45.138	45.201	45.138
	<b>289.424</b>	<b>286.838</b>	<b>289.424</b>	<b>286.838</b>
<b>Jöfnunarsjóður:</b>				
Útgjaldajöfnunarframlag .....	82.109	65.211	82.109	65.211
Grunnskólaframlag .....	64.267	57.170	64.267	57.170
Húsaleigubætur .....	20	0	20	0
Tekujöfnunarframlag .....	26.979	27.000	26.979	27.000
Sérstakt framl. af skatti á fjármálf.	903	0	903	0
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts .....	24.196	23.830	24.196	23.830
	<b>198.473</b>	<b>173.211</b>	<b>198.473</b>	<b>173.211</b>
<b>Aðrar tekjur .....</b>	<b>122.307</b>	<b>121.638</b>	<b>132.825</b>	<b>132.931</b>
<b>Þjónustutekjur samtals .....</b>	<b>122.307</b>	<b>121.638</b>	<b>132.825</b>	<b>132.931</b>
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>610.204</b>	<b>581.687</b>	<b>620.722</b>	<b>592.980</b>
<b>Íbúafjöldi .....</b>	<b>580</b>	<b>580</b>	<b>580</b>	<b>580</b>
<b>Skatttekjur á íbúa .....</b>	<b>841</b>	<b>793</b>	<b>841</b>	<b>793</b>

### 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2017	Áætlun	Samstæða 2017	Áætlun
<b>Laun .....</b>	<b>230.347</b>	<b>225.916</b>	<b>230.347</b>	<b>225.916</b>
<b>Launatengd gjöld .....</b>	<b>57.040</b>	<b>53.045</b>	<b>57.040</b>	<b>53.045</b>
	<b>287.387</b>	<b>278.961</b>	<b>287.387</b>	<b>278.961</b>

Laun vegna sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 16,3 milljónum króna á árinu 2017 og ársverk voru 47.

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður 2017	Áætlun	Samstæða 2017	Áætlun
Vaxtatekjur .....	2.438	6.800	2.438	200
Tekjur af eignarhlutum í félögum .....	1.980	1.000	1.980	1.000
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	(9.916)	(12.752)	(9.916)	(12.752)
	(5.499)	(4.952)	(5.499)	(11.552)

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur .....	0	492.429	492.429	464.601
Félagsþjónusta .....	24.254	20	(24.235)	(25.940)
Heilbrigðismál .....	1.840	887	(953)	(500)
Fræðslu- og uppeldismál .....	328.696	45.358	(283.339)	(273.656)
Menningarmál .....	21.386	2.093	(19.293)	(20.496)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	92.784	41.482	(51.302)	(50.209)
Brunamál og almannavarnir .....	8.217	0	(8.217)	(8.550)
Hreinlætismál .....	21.077	14.591	(6.486)	(2.991)
Skipulags- og byggingarmál .....	9.468	223	(9.245)	(9.093)
Umferðar- og samgöngumál .....	19.182	0	(19.182)	(18.333)
Umhverfismál .....	4.928	287	(4.641)	(6.464)
Atvinnumál .....	3.815	28	(3.787)	(5.730)
Sameiginlegur kostnaður .....	53.860	5.806	(48.054)	(40.884)
Fjármagnsliðir .....	1.437	16.343	14.906	30.579
Aðalsjóður samtals	590.944	619.546	28.602	32.334
Eignarsjóður .....	116.425	139.283	22.858	8.137
Sveitarsjóður samtals	707.369	758.829	51.460	40.471
B-hluta fyrrtaeki:				
Veitur Hörgársveitar .....	33.838	11.405	(22.433)	(8.272)
Sjóðir í B-hluta samtals	33.838	11.405	(22.433)	(8.272)
Samstæða samtals	741.208	770.234	29.027	32.199

## Skýringar

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Gatnakerfi	Bifreið	Samtals
Sveitarsjóður:				
Stofnverð 1/1 .....	794.865	89.131	4.050	888.046
Viðbót ársins .....	0	925	0	925
Endurmat lóða og lendna .....	28.877	0	0	28.877
Stofnverð 31/12 .....	823.742	90.056	4.050	917.848
Afskrifað 1/1 .....	334.526	25.567	475	360.568
Afskrifað á árinu .....	14.121	3.426	810	18.357
	348.647	28.993	1.285	378.925
Bókfært verð 31/12 .....	475.095	61.063	2.765	538.923

	Fasteignir	Veitukerfi og gatnakerfi	Bifreið	Samtals
Samstæða:				
Stofnverð 1/1 .....	794.865	196.601	4.050	995.516
Viðbót ársins .....	0	2.118	0	2.118
Endurmat lóða og lendna .....	28.877	0	0	28.877
Stofnverð 31/12 .....	823.742	198.719	4.050	1.026.511
Afskrifað 1/1 .....	334.526	48.724	475	383.725
Afskrifað á árinu .....	14.121	25.338	810	40.269
	348.647	74.062	1.285	423.994
Bókfært verð 31/12 .....	475.095	124.657	2.765	602.517

Bókfært verð fasteigna og gatnakerfa sveitarsjóðs og veitukerfa B hluta stofnana greinast þannig í árslok:

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Sveitarsjóður:				
Leikskólar .....	85.064	87.635	17.303	35.487
Skólar .....	646.854	652.160	138.735	170.578
Íþróttahús og sundlaugar .....	453.839	473.000	104.376	164.329
Þjónustuhúsnæði .....	163.289	170.400	34.035	31.755
Lóðir og lendur .....	0	0	291.444	74.592
Gatnakerfi .....	0	0	0	59.418
Samtals sveitarsjóður .....	1.349.046	1.383.195	585.893	536.158

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir (frh)

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B-hluta stofnanir:				
Fráveitukerfi .....	0	0	0	63.593
Samtals B-hluta stofnanir .....	0	0	0	63.593
Samstæða samtals .....	1.349.046	1.383.195	585.893	599.752

### 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Sveitarsjóður	Samstæða
Dysnes Þróunarfélag ehf., Hörgársveit .....	16,67%	2.000	2.000
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri .....	2,66%	6.623	6.623
Greið leið ehf., Akureyri .....	1,00%	3.743	3.743
Hafnasamlað Norðurlands b.s., Akureyri .....		1.021	1.021
Hjalteyri ehf., Hörgársveit .....	26,10%	3.405	3.405
Hraun í Öxnadal ehf., Hörgársveit .....	56,24%	500	500
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík .....		318	318
Láanasjóður Sveitarfélaga ohf., Reykjavík .....	0,17%	15.326	15.326
Molta ehf., Eyjafirði .....	0,53%	876	876
Norðurorka hf., Akureyri .....	0,80%	32.000	32.000
		65.811	65.811

### 9. Langtímakröfur

	Staða 1.1	Ný bréf	Afborganir	Verðbætur	Eftirstöðvar
Brú lífeyrissjóður .....	0	6.910	0	0	6.910
Almenn skuldabréf .....	11.120	0	(1.390)	0	9.730
Skuldabréf B-hluta .....	107.538	0	0	0	107.538
Langtímakröfur samt. ....	118.658	6.910	(1.390)	0	124.177

	Sveitarsjóður	Samstæða
Langtímakröfur greinast þannig:		
Brú lífeyrissjóður .....	6.910	6.910
Óverðtryggð lán, meðalvextir 6% .....	9.730	9.730
Verðtryggð lán, meðalvextir 4,5% .....	107.538	0
Kröfur samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum .....	124.177	16.640
Næsta árs afborganir .....	(5.425)	(1.637)
	118.753	15.003

## Skýringar

### Langtímakröfur (frh)

	Sveitarsjóður	Samstæða
Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2018 .....	5.425	1.637
Árið 2019 .....	5.599	1.637
Árið 2020 .....	5.781	1.637
Árið 2021 .....	5.971	1.637
Árið 2022 .....	5.154	1.637
Síðar .....	96.248	8.457
	124.177	16.640

### 10. Óinnheimtar tekjur

	Sveitarsjóður	Samstæða
Óinnheimtar tekjur greinast þannig:		
Kröfur .....	70.803	70.803
Niðurfærsla krafna .....	(21.766)	(21.766)
Kröfur, nettó .....	49.037	49.037

### Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samstæða
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....		
Tapaðar kröfur á árinu .....	(485)	(485)
Breyting afskriftaframlags á árinu .....	6.079	6.079
Afskriftareikningur í árslok .....	21.766	21.766

### 11. Eigið fé

#### Yfirlit um eiginfjárréikning:

	Sveitarsjóður	Samstæða
Eigið fé 1/1 2017 .....		
Endurmat lóða og lendha .....	28.877	28.877
Rekstrarniðurstaða ársins .....	51.460	29.027
Eigið fé 31/12 2017 .....	663.174	598.581

## Skýringar

### 12. Langtímaskuldur

Sveitarsjóður:	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar
					31.12.2017
Láanasjóður sveitarfélaga .....	168.940	0	(24.136)	2.646	147.449
Aðrir .....	10.761	0	(10.867)	106	0
Langtímaskuldur samt. ....	179.701	0	(35.003)	2.752	147.449

Samstæða:	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar
					31.12.2017
Láanasjóður sveitarfélaga .....	168.940	0	(24.136)	2.646	147.449
Aðrir .....	10.761	0	(10.867)	106	0
Langtímaskuldur samt. ....	179.701	0	(35.003)	2.752	147.449

Yfirlit um langtímaskuldur:	Sveitarsjóður	Samstæða
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,1% .....	147.449	147.449
Langtímaskuldur samtals, þ.m.t næsta árs afborganir .....	147.449	147.449
Næsta árs afbonganir .....	(24.764)	(24.764)
	122.685	122.685

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Sveitarsjóður	Samstæða
Árið 2018 .....	24.764	24.764
Árið 2019 .....	11.901	11.901
Árið 2020 .....	11.415	11.415
Árið 2021 .....	11.545	11.545
Árið 2022 .....	11.683	11.683
Síðar .....	76.140	76.140
Langtímaskuldur samtals, þar með taldar næsta árs afbonganir .....	147.449	147.449

### 13. Aðrar upplýsingar

#### Ábyrgðaskuldbinding

Hörgársveit er aðili að eftirfarandi byggðasamlagi sem hefur fjárhagslegar skuldbindingar:

Hafnasamlag Norðurlands

Sveitarsjóðir aðildarsveitarfélaganna bera einfalda ábyrgð á skuldbindingu byggðasamlaga en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir íbúafjölda sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

# Skýringar

## Aðrar upplýsingar (frh)

### Samningur um yfirtöku Norðurorku hf. á fráveitu að Lónsbakka

Samningur var undirritaður 15. febrúar 2018 um yfirtöku Norðurorku hf. á fráveitunni að Lónsbakka, rekstri og eignum, frá og með 1. janúar 2019. Norðurorka hf. mun þó standa að hönnun, útboði og framkvæmdum lagna í nýri götu í Lónsbakkahverfinu á árinu 2018, verði af slíkum framkvæmdum á árinu. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að Hörgársveit greiði Norðurorku hf. 49,6 millj. kr. meðlag þann 15. júni 2019. Greiðslan er meðal annars til að mæta kostnaði við framkvæmdir við nýja dælustöð og tengingu fráveitunnar við fráveitukerfi Akureyrar. Afskriftir á þessum hluta fráveitunnar hafa verið auknar og er nú miðað við tveggja ára líftíma þar sem Norðurorka hf. yfirtekur þær eignir þann 1. janúar 2019.

### Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deilda

